

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	7.07.2015
Málalýkill	4.18
Mál nr.	1501316



**MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Sölvhólsgrötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 30. júní 2015
Tilv.: MMR15040096/6.14.2-

Efni: Niðurstöður úttektar á starfsemi leikskólans Sjálands í Garðabæ

Í október 2014 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar, Inga Dóra Jónsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir, úttekt á starfsemi leikskólans Sjálands í Garðabæ. Úttektin er gerð á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Helstu matsþættir sem skoðaðir voru eru: Leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsmannamál, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, mat á námi og velferð barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og innra mat. Því til viðbótar var metið hvernig starfsfólk með aðra menntun en leikskólakennaramenntun nýtist í starfi og starfsemi svokallaðs þjálfunarkjarna sem er þjónusta við börn með sérþarfir.

Skýrsla úttektaraðila fylgir hér með og hvetur mennta- og menningarmálaráðuneytið fræðslufyrirvöld í Garðabæ, rekstraraðila leikskólans Sjálands, skólastjórnendur, starfsfólk og foreldra til að kynna sér vel innihald skýrslunnar svo og þær ábendingar og tillögur til umbóta. sem fram koma í henni. Sérstaklega er vakin athygli á því að einungis tveir starfsmenn leikskólans eru menntaðir leikskólakennarar, þ.e. leikskólastjóri og kennari í þjálfunarkjarna. Ráðuneytið óskar eftir því að bæjarstjóri sendi ráðuneytinu, fyrir 11. september nk., tímasetta áætlun um hvernig brugðist verður við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni.

Skýrslan verður birt á vef ráðuneytisins ásamt áætlun um umbætur. Að lokum þakkar ráðuneytið yfirvöldum fræðslumála í Garðabæ, starfsfólki leikskólans, nemendum og foreldrum fyrir góða samvinnu við úttektina.

Fyrir hönd ráðherra

Margrét Harðardóttir
Margrét Harðardóttir

Björk Óttarsdóttir
Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Leikskólastjóri, Sjáland ehf og formaður foreldrafélags

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026